1875

nokkurra launa af opinberu fje sýslunni í hag, því starfi beiðandans um þessi ár hefur verið eins konar ljósmóðurstarf, og skipun ljósmæðramála er sveitarmál, sem með 39. gr. tilsk. frá 4. maí 1872 er lögð undir eptirlit sýslunefndarinnar. **39** 2an júní.

Jeg skal því skjóta því undir herra amtmanninn, að hlutast til um að bónarbrjefið verði lagt fyrir sýslunefndina í Skagafjarðarsýslu til úrskurðar.

Brjef landshöfðingja (til amtmannsins yfir suður og vesturumdæminu). **40** 3ðja júní.

Með brjefi dagsettu 28. f. m. hafið þjer, herra amtmaður, sent hingað beiðni Tómasar hreppstjóra Eggertssonar ábúanda á jörðunni Ingjaldshóli um, að sjer verði leyft að leggja niður 4 af þurrabúðum þeim, sem nú fylgja nefndri jörðu, þannig að búðir þessar verði teknar út af honum með reglulegri úttekt og álagi, og viðurinn úr þeim sje seldur við opinbert uppboð, en andvirði hans og þá einnig ofanálagið sje tekið í umboðssjóðinn. Beiðni þessari fylgdi álit hlutaðeigandi umboðsmanns, þar sem tekið er fram, að fækkun þurrabúðanna, verði ekki álitin nein rýrnun á jörðunni Ingjaldshóli, er eptir sem áður muni byggjast fyrir hina fullu landsskuld sína, og eruð þjer þessu áliti samdóma, og leggið því til, að hið umbeðna leyfi mætti verða veitt, og það því fremur, sem áður hafi verið með brjefi dómsmálastjórnarinnar frá 25. júlí 1867 leyft að leggja niður 4 aðrar þurrabúðir, er fylgdu nefndri jörð.

Fyrir því skal yður tjáð til leiðbeiningar og þóknanlegrar ráðstafanar, að jeg fellst á tillögur yðar í þessu máli og vona á sínum tíma að fá ítarlega skýrslu frá yður um það, sem gjört verður, og um tölu þurrabúða þeirra, sem eptir verða á jörðunni.

Brjef landshöfðingja (til amtmannsins yfir suður- og vesturumdæminu). **41** 3ðja júní.

Með brjefi yðar, herra amtmaður, frá 10. marz þ. á. meðtók jeg eptirrit af erindi umboðsmannsins yfir Þykkvabæjar og Kirkjubæjarklaustursjörðum dagsettu 9. nóvbr. f. á. þar sem hann eptir beiðni ábúandanna á Grímstöðum í Meðallandi, að undantekinni ekkjunni Vilborgu Stigsdóttur, sem hefur sagt lausum $^1/_4$ parti jarðarinnar, er hún býr á, fer þess á leit, að þeim um 5 ára tíma frá næstkomandi fardögum verði veitt ápekk afgjaldslækkun, og veitt var með brjefi dómsmálastjórnarinnar 21. oktbr. 1870 fyrir 5 ára tímabil til fardaga 1875. Þjer getið þess, að þjer á embættisferð yðar í Skaptafellssýslu síðastliðið sumar hafið meðal annara umboðsjarða skoðað þessa jörð og sjeð, að hún hafi orðið fyrir miklum skemdum af sandfoki, samt ætlið þjer að jörðin enn geti borið hundraðs (120 álna) landsskuld eins og á henni yrði eptir þeim leigumála, sem samþykktur var með nefndu stjórnarbrjefi, en með hærri leigumála álítið þjer að jörðin ekki geti haldizt í byggingu, og leggið þjer það til, að öllum ábúöndum á jörðunni Grímsstöðum verði veitt um 5 ára tímabil frá fardögum 1875 sú afgjaldslinun, að eptir hvern 4ða part jarðarinnar greiðíst í landsskuld, eins og umboðsmaðurinn hefur mælzt til, 24 álnir á ári, eður í mesta lagi 30 álnir, og eptir hvern áttung hálfu minna.

Af þessu tilefni skal yður tjáð til leiðbeiningar og birtingar, að jeg eptir málavöxtum fellst á, að landsskuldin af jörðunni Grímsstöðum í Meðallandi, er samkvæmt hinum upphaflega leigumála jarðarinnar er 160 álnir, færist um 5 ára tímabil frá fardögum 1875 niður í 120 álnir, er greiðist að hálfu leyti eptir meðalverði allra meðalverða en að hálfu með 8 skild. (16 aurum) fyrir hverja alin, og ber ábúöndum hinna einstöku parta jarðarinnar að greiða þá hluta þessarar landsskuldar, sem að rjettri tiltölu koma á þá.